

Nd.

97. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr rikissjóði til dýrtiðaruppbóta og fleira.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr rikissjóði þessar fjárhæðir:

1. 5400 kr. til launauppbótar handa væntanlegum sendiherra í Kaupmannahöfn.
2. 20000 kr. til þess að launa ræðismann islenskan í Genúa á Ítalíu.
3. Dýrtiðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
4. Alt að 25000 kr. til dýrtiðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtiðarbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.